

Nd.

191. Frumvarp til laga

[179. mál]

um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

I. KAFLI

Inngangur og orðaskýringar.

1. gr.

Hver íslenskur ríkisborgari, sem fullnægir skilyrðum laga þessara um menntun, siglingatíma, aldur og heilsufar, á rétt á að fá útgefið atvinnuskírteini og stunda samkvæmt því atvinnu sem skipstjórnarmaður á íslenskum skipum.

2. gr.

- a. Skip merkir í lögum þessum, sé annað eigi fram tekið, hvert það far sem er 6 metra langt eða meira og skráð er í skipaskrár.
- b. Skipstjóri er sá, sem fer með æðsta vald á skipi.
- c. Yfirstýrimaður eða 1. stýrimaður er sá skipstjórnarmaður, er gengur næst skipstjóra í starfi.
- d. Undirstýrimaður er 2. eða 3. stýrimaður.
- e. Rúmlest merkir í lögum þessum brúttórúmlest.
- f. Fiskiskip merkir hvert það skip, skrásett sem fiskiskip, sem að jafnaði er notað til veiða, hafrannsóknna eða til flutninga á eigin afla.
- g. Flutningaskip merkir hvert það skip, skrásett sem vöruflutningaskip, er siglir með varning til og frá landinu, milli hafna innanlands og utan, og eigi er ætlað að flytja fleiri en 12 farþega.
- h. Farþegaskip merkir hvert það skip, skrásett sem farþegaskip, sem ætlað er að flytja fleiri en 12 farþega.
- i. Varðskip merkir hvert það skip, skrásett sem varðskip, er stundar landhelgigæslu og björgunarstarf undir yfirstjórn Landhelgigæslu Íslands.
- j. Önnur skip merkir hvert það skip, sem skrásett er til annarra verkefna en um getur í stafliðum f-i.
- k. Innanlandssigling er sigling innan íslenskrar fiskveiðilögsögu.
 - l. Utanlandssigling er hver sú ferð, sem farin er milli landa eða til fiskimiða utan íslenskrar fiskveiðilögsögu, þótt hafna sé ekki leitað.
- m. Mánuður telst 30 dagar.

II. KAFLI

Um fjölda skipstjórnarmanna.

3. gr.

Á hverju skipi skal vera einn skipstjóri.

4. gr.

Lágmarksfjöldi stýrimanna skal vera sem hér segir:

I. Fiskiskip:

- a) á skipum 31—300 rúmlestir einn stýrimaður,
- b) á skipum stærri en 300 rúmlestir tveir stýrimenn,
- c) á skipum 30 rúmlestir og minni einn stýrimaður, ef ekki er landað daglega.

II. Flutningaskip:

- a) á skipum 31—400 rúmlestir einn stýrimaður,
- b) á skipum 401—1600 rúmlestir tveir stýrimenn,
- c) á skipum stærri en 1600 rúmlestir þrjú stýrimenn.

III. Farþegaskip og varðskip:

- a) á skipum 400 rúmlestir eða minni tveir stýrimenn,
- b) á skipum stærri en 400 rúmlestir þrjú stýrimenn.

IV. Önnur skip:

- a) á skipum 31—300 rúmlestir einn stýrimaður,
- b) á skipum stærri en 300 rúmlestir tveir stýrimenn,
- c) á skipum 30 rúmlestir og minni einn stýrimaður ef samfelldur vinnutími skipstjóra er að jafnaði lengri en 15 klst.

III. KAFLI

Um atvinnuréttindi stýrimanna.

5. gr.

Eftirtalin stig skipstjórnarnáms, sbr. lög nr. 22/1972, um Stýrimannaskólann í Reykjavík, og lög nr. 1/1973, um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum, eru grundvöllur atvinnuréttinda stýrimanna sem hér segir:

I. Fiskiskip:

- a) 1. stig: 200 rúmlestir og minni í innanlandssiglingum.
- b) 2. stig: Ótakmörkuð stærð og ótakmarkað farsvið.

II. Flutningaskip, farþegaskip og varðskip:

- a) 2. stig: 1) 400 rúmlestir og minni, ótakmarkað farsvið.
2) Undirstýrimaður á skipum af ótakmarkaðri stærð og ótakmarkað farsvið.
- b) 3. stig: Ótakmörkuð stærð og ótakmarkað farsvið.

III. Önnur skip:

- a) 1. stig: 200 rúmlestir og minni í innanlandssiglingum.
- b) 2. stig: 400 rúmlestir og minni og ótakmarkað farsvið.
- c) 3. stig: Ótakmörkuð stærð og ótakmarkað farsvið.

6. gr.

Atvinnuréttindi stýrimanna, sbr. 5. gr. eru bundin eftirfarandi skilyrðum um siglingatíma með tilvísun til samsvarandi stafliða í 5. gr.

Siglingatími telst sá tími er stýrimannsefni starfar á skipi, sem er í förum og veitir viðkomandi undirstöðuþekkingu í störfum á þilfari og í brú, stjórnun manna og forsjá. Af siglingatíma verður stýrimannsefni að hafa gengið sjóvaktir a. m. k. 6 mánuði í brú undir umsjón skipstjórnarmanns.

Siglingatíma skal sanna með sjóferðabók, innlendri eða útlendri, eða vottorði frá lögskráningarstjóra. Ef skipi er lagt upp án þess að lögskráð sé úr skipsrúmi skal þess getið í sjóferðabók. Liggi skip um kyrrt með þessum hætti lengur en $\frac{1}{5}$ hluta lögskráningartíma hlutaðeigandi stýrimannsefnis skal sá tími, sem umfram er, eigi reiknast til siglingatíma.

Af óskilgreindum siglingatíma mega 6 mánuðir vera við önnur störf en skipstjóra, stýrimanns eða hásetastörf. Heimilt er einnig að meta eftirfarandi nám eða starf til óskilgreinds siglingatíma: Eins vetrar nám í sjómannafræðum framhaldsskóla, skv. námsskrá menntamálaráðuneytisins, jafngildir siglingatíma í 3 mánuði. Tveggja mánaða starf á viðurkenndu veiðarfæraverkstæði og tengd störf jafngilda eins mánaðar siglingatíma á fiskiskipi. Ofangreind störf og/eða nám skulu þó aldrei metin meira en 6 mánuðir í heildarsiglingatíma stýrimannsefnis. Óskilgreindur siglingatími, sem stýrimannsefni ávinnur sér við störf í landi skal staðfestur af tveimur trúverðum mönnum.

I. Fiskiskip.

a) 200 rúmlesta réttindi í innanlandssiglingum.

24 mánuðir og af þeim tíma minnst 12 mánuði háseti á fiskiskipi yfir 30 rúmlestir að stærð. Heimilt er að af þessum tíma séu 6 mánuðir á trilla undir 12 rúmlestum að stærð og sé það vottað af tveimur trúverðum mönnum.

b) Ótakmörkuð réttindi — 27 mánuðir og af þeim tíma minnst 12 mánuði háseti á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir að stærð, eða hafa öðlast réttindi til að vera stýrimaður á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi og að auki verið minnst 6 mánuði háseti á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir að stærð.

II. Flutningaskip, farþegaskip og varðskip.

a) 1. 400 rúmlesta réttindi — 36 mánuðir og af þeim tíma minnst 18 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir að stærð eða hafa öðlast réttindi sem stýrimaður á fiskiskipi yfir 200 rúmlestir að stærð og að auki verið minnst 9 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir.

2. Ótakmörkuð undirstýrimannsréttindi — 27 mánuðir og af þeim tíma minnst 15 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir að stærð eða hafa öðlast réttindi sem stýrimaður á fiskiskipi yfir 200 rúmlestir að stærð og að auki verið minnst 6 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir að stærð.

b) 36 mánuðir og af þeim tíma minnst 18 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir að stærð, eða hafa öðlast réttindi til að vera stýrimaður á fiskiskipi yfir 200 rúmlestir að stærð og auk þess minnst 12 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir að stærð.

III. Önnur skip.

- a) **200 rúmlesta réttindi í innanlandssiglingum.**
24 mánuðir og af þeim tíma minnst 12 mánuði háseti á skipi yfir 30 rúmlestir að stærð.
- b) **400 rúmlesta réttindi og ótakmörkuð undirstýrimannsréttindi.**
27 mánuðir og af þeim tíma minnst 12 mánuði háseti á skipi yfir 100 rúmlestir að stærð.
- c) **Ótakmörkuð réttindi** — 36 mánuðir og af þeim tíma minnst 18 mánuði háseti á skipi yfir 100 rúmlestir að stærð.

IV. KAFLI

Um atvinnuréttindi skipstjóra.

7. gr.

Til að öðlast réttindi sem skipstjóri í innanlandssiglingum á skipi 30 rúmlestir eða minna þarf viðkomandi að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a) Kunna skil á siglingatækjum, stefnuleiðréttingum og að setja stefnu og miðanir á sjókart, alþjóðareglum til að koma í veg fyrir árekstur á sjó, grundvallaratriðum stöðugleika og sjóhæfni skipa, flóði og fjöru, vitakerfum, björgunarstöðvum og björgunartækjum og lífgun úr dauðadái.
- b) Hafa verið 18 mánuði háseti á skipi yfir 6 rúmlestir að stærð í innanlandssiglingum, sbr. 6. gr. Til staðfestingar siglingatíma á skipum 6—12 rúmlestir að stærð skal leggja fram vottorð frá tveimur trúverðum mönnum.

Kunnáttu í atriðum samkvæmt a-lið skal kanna með sérstökum prófum. Menntamálaráðuneytið hefur umsjón með prófunum. Ráðuneytið getur falið Stýrimannaskólanum í Reykjavík, Stýrimannaskólanum í Vestmannaeyjum eða öðrum skólum, er það ákveður, að sjá um prófin og annast kennslu undir þau.

Ráðuneytið gefur út námsskrá til samræmingar kennslu og skipar prófdómara að höfðu samráði við Stýrimannaskólann í Reykjavík. Þeir sem standast prófin skulu fá vottorð undirrituð af viðkomandi skólastjóra og prófdómara.

8. gr.

Rétt til að vera skipstjóri á skipum yfir 30 rúmlestir að stærð hefur sá einn sem hefur öðlast rétt til að gegna starfi 1. stýrimanns á tilgreindum skipum, sbr. 5. og 6. gr., og hefur eftir öflun stýrimannsskírteinis gegnt a. m. k. eftirfarandi skipstjórnarstörfum í tilskilinn tíma:

I. Fiskiskip.

- a) **200 rúmlesta réttindi í innanlandssiglingum.**
12 mánuðir stýrimaður á fiskiskipi yfir 30 rúmlestir að stærð, eða 6 mánuðir stýrimaður á fiskiskipi yfir 30 rúmlestir og skipstjóri á fiskiskipi yfir 12 rúmlestir að stærð í 6 mánuði.
- b) **Ótakmörkuð réttindi** — 18 mánuðir skipstjóri eða stýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir þar af minnst 6 mánuði 1. stýrimaður á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir að stærð.

II. Flutningaskip og farþegaskip.

- a) **400 rúmlesta réttindi** — 18 mánuðir skipstjóri eða stýrimaður á skipi yfir 100 rúmlestir að stærð og auk þess minnst 6 mánuði 1. stýrimaður á flutningaskipi eða farþegaskipi yfir 100 rúmlestir að stærð og af þeim tíma minnst 4 mánuði í utanlandssiglingum.
- b) **Ótakmörkuð réttindi** — 24 mánuðir skipstjóri eða stýrimaður á skipi yfir 100 rúmlestir að stærð og auk þess minnst 12 mánuði 1. stýrimaður á flutningaskipi eða farþegaskipi yfir 100 rúmlestir að stærð og þar af minnst 6 mánuði í utanlandssiglingum.
- c) Heimilt er að gefa út skipstjórnarskírteini í innanlandssiglingum, samkvæmt stafliðum a) og b) án þess að krefjast stýrimannstíma í utanlandssiglingum.

III. Önnur skip.

a) **200 rúmlesta réttindi í innanlandssiglingum.**

12 mánuðir stýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir að stærð, eða 6 mánuðir 1. stýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir að stærð og skipstjóri á skipi yfir 12 rúmlestir að stærð í 6 mánuði.

b) **400 rúmlesta réttindi** — 18 mánuðir skipstjóri eða stýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir og þar af minnst 6 mánuði 1. stýrimaður á skipi yfir 100 rúmlestir að stærð.

c) **Ótakmörkuð réttindi** — 24 mánuðir skipstjóri eða stýrimaður á skipi yfir 100 rúmlestir að stærð.

9. gr.

Rétt til að vera skipstjóri á varðskipi hefur sá einn er lokið hefur 4. stigi stýrimannaskóla, sbr. lög nr. 22/1972, um Stýrimannaskólann í Reykjavík og hefur verið 24 mánuði skipstjóri eða stýrimaður á skipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð og auk þess minnst 12 mánuði 1. stýrimaður á varðskipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð.

10. gr.

Siglingatími til öflunar skipstjóraréttinda samkvæmt 8. og 9. gr. telst aðeins sá tími er stýrimaður starfar á skipi sem er í förum. Siglingatíma skal sanna með sjóferðabók, innlendri eða útlendri, eða vottorði frá lögskráningarstjóra.

V. KAFLI

Um aldursskilyrði og læknisvottorð.

11. gr.

Enginn getur öðlast stýrimannsréttindi samkvæmt lögum þessum né skipstjóraréttindi samkvæmt 7., 8. og 9. gr. nema hann hafi náð 20 ára aldri.

12. gr.

Til að skipstjórnarmaður hljóti atvinnuréttindi samkvæmt lögum þessum verður hann að sanna með læknisvottorði að hann sé fær um að gegna stöðunni af heilsufarsástæðum.

Samgönguráðherra setur reglur um skilyrði varðandi sjón, heyrn og heilbrigði skipstjórnarmanna.

VI. KAFLI

Atvinnuskírteini.

13. gr.

Hver sá sem fullnægir skilyrðum þeim, sem sett eru skv. III., IV. og V. kafla þessara laga, á rétt á að fá þau skírteini sem veita viðeigandi atvinnuleyfi.

Skírteinin skulu gefin út af tollstjóranum í Reykjavík eða lögreglustjórum úti á landi og skulu þau rituð á þar til gerð eyðublöð eftir fyrirmynd sem samgönguráðuneytið semur.

Skírteinin skulu gefin út á íslensku og ensku og gilda til 5 ára í senn. Samgönguráðherra setur reglur um skilyrði til endurnýjunar atvinnuskírteina, svo sem um viðhald réttinda og heilsufar.

14. gr.

Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði tollstjórans í Reykjavík eða lögreglustjóra úti á landi um útgáfu skírteinis og getur hann þá lagt málið undir úrskurð samgönguráðuneytisins. Við það skerðist þó ekki réttur hans til þess að leita dómsúrskurðar um málið.

15. gr.

Heimilt er að synja manni um útgáfu atvinnuskírteinis samkvæmt lögum þessum ef ákvæði 2. málsgreinar 68. greinar hegningarlaga eiga við um hagi hans. Verði skírteinishafi með dómi fundinn sekur um vanrækslu eða kunnáttuleysi í starfi sínu svo að tjón hlýst af má jafnframt dæma hann til að hafa fyrirgert skírteini sínu um stundarsakir, enda liggja ekki þyngri refsing við að lögum.

16. gr.

Allir þeir, sem öðlast hafa rétt til atvinnu við siglingar á íslenskum skipum áður en lög þessi öðlast gildi, halda réttindum sínum óskertum.

17. gr.

Þeir sem öðlast hafa skipstjórnarréttindi samkvæmt lögum nr. 69/1973 á skipum allt að 120 rúmlestir að stærð skulu öðlast rétt til að vera skipstjórar eða stýrimenn í innanlands-siglingum á fiskiskipum og öðrum skipum allt að 200 rúmlestir að stærð.

Þeir sem öðlast hafa skipstjórnarréttindi á skipum allt að 120 rúmlestir fyrir gildistöku fyrrgreindra laga skulu öðlast sams konar réttindi ef þeir hafa starfað sem skipstjórar eða stýrimenn a. m. k. 60 mánuði.

18. gr.

Samgönguráðuneytið getur, að fengnum umsögnum Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Stýrimannaskólans í Reykjavík, heimilað þeim erlendu ríkisborgurum, sem lokið hafa skipstjórnarnámi við íslenskan skóla eða sambærilegan erlendan skóla, að fá útgefið viðeigandi atvinnuskírteini, að fullnægðum öðrum skilyrðum, þó ekki skipstjóra-skírteini.

Á sama hátt getur samgönguráðuneytið, að fenginni umsögn Stýrimannaskólans í Reykjavík, heimilað þeim íslenskum ríkisborgurum, sem lokið hafa skipstjórnarnámi við erlenda skóla, að fá útgefið viðeigandi atvinnuskírteini, að uppfylltum öðrum skilyrðum.

VII. KAFLI

Um mönnunarnefnd og undanþágur.

19. gr.

Samgönguráðherra skipar mönnunarnefnd sem hefur heimild til þess:

1. Að ákveða frávik frá ákvæðum laganna um fjölda skipstjórnarmanna, eftir því sem tilefni gefst til, svo sem vegna tæknibúnaðar, gerðar og/eða verkefnis skips, hvort sem er til fjölgunar eða fækkunar, þar sem m. a. skal taka tillit til vinnuálags sem breytingin kann að hafa í för með sér.
2. Að heimila tímabundna breytingu á mönnun skips til reynslu með skilyrðum sem nefndin setur. Reynslutími sé þó ekki lengri en 6 mánuðir í senn.

Nefndin skal leita umsagnar Siglingamálastofnunar ríkisins varðandi öryggi og búnað skips.

20. gr.

Í mönnunarnefnd eiga sæti fulltrúar hagsmunaaðila að jöfnu eftir tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands frá viðkomandi skipstjóra- og stýrimannafélögum annars vegar og samtökum útgerðaraðila hins vegar. Skipaður skal varafulltrúi hvers aðalfulltrúa á sama hátt. Samgönguráðherra skipar formann og varaformann nefndarinnar án tilnefningar og skal a. m. k. annar þeirra uppfylla almenn dómaraskilyrði. Nánari reglur um skipan og starfshætti mönnunarnefndar setur samgönguráðherra með reglugerð.

21. gr.

Ef skortur er á mönnum með nægileg réttindi til skipstjórnar er heimilt að veita manni, sem ekki fullnægir skilyrðum laga þessara, undanþágu til starfa á tilteknu skipi eða tiltekinni gerð skipa um takmarkaðan tíma, þó eigi lengur en 6 mánuði í senn, og skal viðkomandi útgerðarmaður eða skipstjóri sækja um undanþáguna.

Undanþágur samkvæmt 1. mgr. veitir fimm manna nefnd sem samgönguráðherra skipar til að fjalla um þess háttar mál. Í nefndinni eiga sæti tveir fulltrúar tilnefndir af fulltrúum útgerðaraðila og tveir fulltrúar tilnefndir af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands en formann nefndarinnar skipar ráðherra án tilnefningar. Ráðherra setur nefndinni starfsreglur sem hann lætur birta með fullnægjandi hætti.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð gjald fyrir veittar undanþágur sem viðkomandi undanþáguhafi greiðir og renna skal í sérstakan sjóð sem hafi það að markmiði að veita lán og/eða styrki til þeirra undanþáguhafa sem fara í nám til öflunar starfsréttinda. Nemendur stýrimannaskóla, sem starfa á undanþágu milli námsára, eiga rétt á endurgreiðslu gjaldsins, haldi þeir áfram námi á næsta námsári, gegn framvísun vottorðs frá viðkomandi skóla þar um. Undanþegnir gjaldinu eru þeir sem lokið hafa fyllsta skólanámi til viðkomandi starfs.

VIII. KAFLI

Viðurlög og gildistaka.

22. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggja við eftir öðrum lögum. Sektir renna í ríkissjóð.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 81 28. maí 1984, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, svo og önnur lagaákvæði er brjóta kynnu í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

- A. Þeim skipstjórnarmönnum, er starfað hafa á undanþágu í a. m. k. 24 mánuði hinn 1. janúar 1985, skal boðið upp á tvenns konar námskeið, sem haldin verða í öllum landshlutum skólaárin 1985—1986 og 1986—1987, til öflunar takmarkaðra skipstjórnar-réttinda. Námskeið þessi gefi annars vegar réttindi til skipstjórnarstarfa á fiskiskipum og öðrum skipum allt að 80 rúmlestir að stærð og hins vegar réttindi til skipstjórnarstarfa á fiskiskipum og öðrum skipum allt að 200 rúmlestir að stærð í innanlands-siglingum.

Menntamálaráðuneytið skal sjá um framkvæmd námskeiðanna og ákveða náms-efni í samráði við Stýrimannaskólann í Reykjavík.

Við útgáfu atvinnuskírteina til þeirra er ljúka þessum námskeiðum skal taka tillit til ákvæða 6. og 9. gr. laganna um siglingatíma. Um siglingatíma fyrir skip allt að 80 rúmlestir að stærð gildir sama og fyrir skip allt að 200 rúmlestir að stærð.

- B. Að fengnum tillögum nefndar um undanþágur sbr. 21. gr. laganna er samgönguráðherra heimilt, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. greinarinnar, að veita þeim skipstjórnarmönnum, sem fæddir eru á árinu 1934 og fyrr og starfað hafa s. l. 10 ár á undanþágu við skipstjórnarstörf, ótímabundin takmörkuð réttindi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Þann 26. júní 1978 skipaði samgönguráðherra, Halldór E. Sigurðsson, nefnd til að endurskoða lög nr. 72 13. maí 1966, um atvinnuréttindi vélstjóra á íslenskum skipum, og lög nr. 69 30. apríl 1973, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.

Í nefnd þessari sátu fulltrúar hagsmunaaðila, sjómannaskólanna og samgönguráðuneytisins. Nefndin lauk við að semja frumvarp til laga um ofangreind efni sem lagt var fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—1984.

Hinn 16. júlí 1984 skipaði samgönguráðherra, Matthías Bjarnason, nefnd til að endurskoða lög nr. 77/1984, um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum og lög nr. 81/1984, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum. Í skipunarbréfi nefndarinnar segir svo m. a.:

Við 1. umræðu frumvarps til laga í neðri deild Alþingis um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum og frumvarps til laga um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum flutti samgönguráðherra svofellda yfirlýsingu:

„Það skal tekið fram við afgreiðslu frv. þessara að stéttarfélög skipstjórnarmanna og vélstjóra víða um landið óska eftir því að fá að koma fram með breytingartillögur við lögina, sem lagðar verði fram eigi síðar en 15. október á þessu ári. Farmanna- og fiskimannasamband Íslands mun skipa nefnd í málið sem skila mun einu sameiginlegu álitum um þau ákvæði í lögum sem betur mættu fara.

Ég hef ákveðið að skipa nefnd nú í vor þar sem óskað verði eftir tilnefningu fulltrúa menntamálaráðherra, Stýrimanna- og Vélskólans í Reykjavík, FFSÍ og útgerðaraðila til þess að gera tillögur um breytingu á þessum lögum þar sem m. a. verði stefnt að því að undanþágur verði ekki veittar þeim sem ekki hafa áður fengið undanþágur til skemmri eða lengri tíma.

Þeim mönnum, sem eftir breytingu laga þessara hafa ekki réttindi, verði gefinn kostur á menntun í sínum landshluta og þannig að því stefnt að undanþáguveitingum verði hætt sem fyrst.“

Í nefndinni voru: Magnús Jóhannesson, deildarverkfræðingur Siglingamálastofnunar ríkisins (sem jafnframt var formaður nefndarinnar), Andrés Guðjónsson, skólastjóri (tilnefndur af Vélskóla Íslands), Guðjón Ármann Eyjólfsson, skólastjóri (tilnefndur af Stýrimannaskólanum í Reykjavík), Guðjón A. Kristjánsson, forseti Farmanna- og fiskimannasambands Íslands (tilnefndur af FFSÍ), Helgi Laxdal, varaforseti Farmanna- og fiskimannasambands Íslands (tilnefndur af FFSÍ), Jón H. Magnússon, lögfræðingur hjá Vinnuveitendasambandi Íslands, (tilnefndur af Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða), Jónas Haraldsson, skrifstofustjóri (tilnefndur af Landssambandi íslenskra útvegsmanna) og Stefán Ólafur Jónsson, deildarstjóri (tilnefndur af menntamálaráðuneyti). Með nefndinni starfaði sem ritari Ástvaldur Magnússon, skrifstofustjóri Siglingamálastofnunar ríkisins.

Þegar nefndin hóf störf í byrjun september 1984 lágu fyrir ítarlegar tillögur um breytingar á lögnum frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík.

Vegna þröngra tímamarka, sem nefndin var bundin af, takmarkaðist starfið við breytingar einstakra greina laganna en ekki heildarendurskoðun þeirra. Fjallað var um breytingartillögurnar, svo og möguleika á menntun þeirra manna er starfað hafa á undanþágu um lengri eða skemmri tíma. Nefndin hélt allmarga fundi á þeim skamma tíma er hún

starfaði og fékk til fundar nokkra aðila til að upplýsa frekar og ræða einstök mál. Nefndin varð sammála um að leggja til eftirfarandi helstu breytingar á núgildandi lögum:

1. Samræming við alþjóðasamþykktir:

Nefndin hafði til hliðsjónar alþjóðasamþykkt um atvinnuskírteini, þjálfun og vaktstöðu sæfarenda 1978 (STCW) sem gildir fyrir farþegaskip og flutningaskip. Reynt var að tryggja að ekki verði misræmi í lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna og alþjóðasamþykktinni þar sem fyrirsjáanlegt er að Ísland verður aðili að samþykktinni innan tíðar.

2. Nám og atvinnuréttindi:

Lagt er til að 1. stig í Stýrimannaskólunum í Reykjavík og Vestmannaeyjum, sbr. lög nr. 22/1972 og lög nr. 1/1973, gefi réttindi til skipstjórnarstarfa á 200 rúmlesta fiskiskipum í innanlandssiglingum. Þetta nám veitti áður, skv. eldri lögum, réttindi til skipstjórnarstarfa á fiskiskipum allt að 120 rúml.

Í lögum sem samþykkt voru s. l. vor var gert ráð fyrir því að þetta nám veitti allt að 240 rúml. réttindi frá og með 1. janúar 1985.

Nefndin taldi að athuguðu máli ekki ástæðu til að auka þessi réttindi meira en í 200 rúmlestir þar sem verkefni skipa undir þeirri stærð eru yfirleitt þau sömu og minni skipa áður, enda hafa skip í vertíðarflotanum almennt stækkað á seinni árum og tækniframfarir og breyttar áherslur í námi til stýrimannaprófs hafa auðveldað mönnum stjórn á stærri skipum.

Þá er lagt til að 1. stig veiti ekki réttindi á flutningaskip, farþegaskip og varðskip. Þetta er óbreytt frá eldri lögum en í gildandi lögum frá maí s. l. var gert ráð fyrir því að frá og með 1. janúar 1985 gæfi 1. stigið atvinnuréttindi á þessi skip til innanlandssiglinga allt að 240 rúmlestum að stærð. Nefndin telur ekki ástæðu til slíkra breytinga.

Þá er lagt til að þau réttindi, sem áður miðuðust við 30 rúml., verði óbreytt frá eldri lögum og hækki ekki eins og gert var ráð fyrir að tæki gildi 1. janúar 1985.

Allmiklar umræður urðu um fjölgun atvinnustiga og þá höfð í huga væntanleg breyting á kennslu og námsefni í stýrimannaskólunum með hliðsjón af alþjóðasamþykktum, sem Ísland mun væntanlega staðfesta innan tíðar. Í þessu sambandi var rætt um sérstakt skipstjórastig sem nefndin varð sammála um að stefna bæri að. Hins vegar taldi nefndin ekki tímabært að leggja til slíka breytingu á lögum um atvinnuréttindi nú þar sem nauðsynlegt væri áður að endurskoða námsefni og kennslu í stýrimannaskólunum. Það var upplýst að slík endurskoðun muni hefjast fljótlega og þegar henni er lokið er nauðsynlegt að lögin verði samræmd þeim breytingum.

3. Fjöldi skipstjórnarmanna.

Lagt er til að gerðar verði í meginatriðum tvær breytingar á gildandi ákvæðum um lágmarksfjölda skipstjórnarmanna á skipum. Í fyrsta lagi að á flutningaskipum verði eigi krafist þriggja stýrimanna á skipum 1600 rúmlesta og minni, en var áður miðað við 1500 rúmlestir. Þessi breyting er til orðin m. a. vegna þess að fjöldi alþjóðaákvæða er taka til flutningaskipa er miðaður við 1600 rúmlestir og vegna tæknibúnaðar og verkefna skipanna þykir rétt að setja viðmiðunarmörk vegna fjölda skipstjórnarmanna flutningaskipa við þessa stærð.

Í öðru lagi er lagt til að á öðrum skipum, 30 rúmlestir og minni, þegar samfelldur vinnutími er að jafnaði lengri en 15 klukkustundir, verði a. m. k. einn stýrimaður um borð. Þetta ákvæði er sambærilegt við ákvæði um fiskiskip undir 30 rúmlestum er ekki leggja aflu á land daglega.

4. **Nám og réttindi fyrir skipstjórnarmenn er starfað hafa á undanþágu.**

Miklar umræður urðu um undanþágu til skipstjórnarstarfa svo og erfiðleika útgerðarmanna að fá menn með fullnægjandi starfsréttindi í samræmi við gildandi lög. Vandamál þetta varðar fyrst og fremst fiskiskipin. Nefndin leggur tvennt til til lausnar þessu vandamáli.

Í fyrsta lagi að þeim skipstjórnarmönnum, er starfað hafa um nokkurt skeið á undanþágu (lengur en 24 mánuði), verði næstu tvö ár boðið upp á námskeið sem haldin verða í öllum landshlutum til öflunar takmarkaðra réttinda á fiskiskip. Það er samdóma álit nefndarinnar að þetta sé eina raunhæfa leiðin til fækkunar undanþágum frá því sem verið hefur og til að auka hæfni undanþágumanna til skipstjórnarstarfa.

Nefndin telur að þeir menn, sem starfað hafa um lengri tíma á undanþágu, hafi með því öðlast umtalsverða starfsreynslu og þekkingu þó svo að sú leið til öflunar réttinda sé ófær, skv. gildandi lögum. Því sé réttlæt看legt nú að koma til móts við þá skipstjórnarmenn er starfað hafa á undanþágu í langan tíma og tekið sé tillit til þjálfunar og starfsreynslu með því að bjóða þeim upp á námskeið af þessu tagi. Með hliðsjón af framansögðu er lagt til að lengd styttri námskeiðanna, er veita skipstjórnarréttindi á fiskiskip og önnur skip allt að 80 rúmlestir í innanlandssiglingum, verði 3 mánuðir. Lengri námskeiðin, er veita skipstjórnarréttindi á fiskiskip og önnur skip í innanlands-siglingum allt að 200 rúmlestir, verði um 5 mánuðir sem hugsanlega mætti tvískipta. Námskrá og kennslufyrirkomulag námskeiðanna verði ákveðið af menntamálaráðuneyti í samráði við Stýrimannaskólann í Reykjavík en framkvæmd námskeiðanna verði í höndum menntamálaráðuneytisins.

Í öðru lagi er lagt til að heimilt verði að veita mönnum, sem eru 50 ára og eldri og starfað hafa mjög lengi (meira en 10 ár) á undanþágu, takmörkuð, ótímabundin réttindi. Hér er um að ræða menn sem öðlast hafa mikla starfsreynslu og eru komnir á þann aldur að þeir munu tæpast setjast á skólabeck. Þessi réttindi miðast við störf á ákveðnu skipi sem viðkomandi starfar á.

Ljóst er að hér er um mjög takmarkaðan hóp skipstjórnarmanna að ræða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Um 1. og 2. grein.

Þessar greinar samsvara í meginatriðum efni 1. gr. laga nr. 81/1984. Talin er ástæða til að bæta við orðskýringum b-, c-, d- og m-liða um skipstjóra, yfirstýrimann, undirstýrimann og mánuð. Þessar orðskýringar skýra sig sjálfar.

Um II. kafla.

Um 3. grein.

Samhljóða 2. gr. laga nr. 81/1984.

Um 4. grein.

Þessi grein svarar til 3. gr. gildandi laga en þó eru gerðar nokkrar efnisbreytingar. „Önnur skip“ eru tekin undir sérstakan lið en eru í gildandi lögum með fiskiskipum. Í flokknum „Önnur skip“ geta verið skip af mjög ólíkri gerð og með ólík verkefni og því er talið rétt að halda þeim sér. Einnig má ætla að mönnun þessara skipa komi frekar til umfjöllunar mönnunarnefndar, sbr. 19. gr. frumvarpsins, en mönnun annarra skipa. Aðrar breytingar eru að á fiskiskipum, 30 rúmlestir og minni, er skylt að hafa einn stýrimann ef ekki er landað daglega. Þetta ákvæði var í eldri lögum. Hliðstætt ákvæði er einnig að finna í IV. lið, Önnur skip.

Á flutningaskipum 401—1600 rúmlestir skulu nú vera tveir stýrimenn í stað 401—1500 rúmlestir.

Um III. kafla.

Kaflinn fjallar um atvinnuréttindi stýrimanna og er að efni og uppsetningu svipaður III. kafla gildandi laga, en þó eru nokkrar breytingar á efni og breyting verður á uppsetningu vegna IV. liðar 4. gr., Önnur skip.

Um 5. grein.

Efni þessarar greinar svarar til 4. gr. gildandi laga, en gildistöku ákvæða þeirrar greinar var frestað til 1. janúar 1985. Um þetta ákvæði gilda því enn lög nr. 69/1973. Sama á reyndar einnig við um ákvæði 7. og 8. gr. gildandi laga en þau eru í frumvarpi þessu tekin upp í 5., 7., 8. og 9. gr.

I-a

1. stigs próf frá stýrimannaskóla veitir skv. frumvarpinu réttindi á skipm 200 rúmlestir og minni í stað allt að 120 rúmlesta áður. Rétt þykir að sú aukning, sem orðið hefur á skipstjórnarnámi, komi fram í auknum starfsréttindum viðkomandi manna.

I-b

Óbreytt frá gildandi ákvæðum laga nr. 69/1973.

II-a og b

Óbreytt frá gildandi ákvæðum laga nr. 69/1973.

III-a

Óbreytt frá gildandi ákvæðum laga nr. 69/1973.

III-b

Rétt þykir að réttindi á önnur skip í þessum stærðarflokki taki mið af réttindum á flutningaskip.

III-c

Sama skýring og III-b.

Um 6. gr.

Greinin svarar til 5. gr. gildandi laga en siglingatími er nánar skilgreindur.

1. mgr.

Parfnast ekki skýringa.

2. mgr.

Þessi ákvæði eru í 6. gr. gildandi laga óbreytt að öðru leyti en því að talin er ástæða til að undirstrika að hluti siglingatíma stýrimannsefnis skuli vera við störf í brú undir umsjón skipstjórnarmanns.

3. mgr.

Óbreytt frá gildandi lögum.

4. mgr.

Efni þessarar mgr. er nýmæli. Eðlilegt þykir að veita heimild til að meta til óskilgreinds siglingatíma nám og skyld störf í landi er veita innsýn og þjálfun í störfum til sjós.

5. mgr. I-a

Gert er ráð fyrir að a. m. k. helmingur siglingatíma sé á skipi yfir 30 rúmlestir en í gildandi lögum er miðað við 40 rúmlestir. Þá mega allt að 6 mánuðir siglingatímans vera á trillu undir 12 rúmlestum, en vegna þess að lögskráning er bundin við skipstærri en 12 rúmlestir verður sá tími að vera staðfestur af tveimur trúverðum mönnum.

I-b

Óbreytt frá gildandi lögum nema siglingatími er stytur úr 30 mánuðum í 27 mánuði þannig að mögulegt er fyrir stýrimannsefni, er náð hefur siglingatíma milli námsstiga, að fá stýrimannsréttindi að loknu prófi.

II-a

Óbreytt frá gildandi lögum en siglingatími er stytur úr 30 mánuðum í 27 mánuði af sömu ástæðum og í I-b.

II-b

Óbreytt.

III-a,b,c

Nýmæli vegna breytinga á 4. gr. þar sem „önnur skip“ eru í sérstökum lið. Miðað er við lengd siglingatíma fiskiskipa í a-lið en siglingatíma flutninga- og farþegaskipa í b- og c-lið. Ekki er gerð krafa um að siglingatími sé á ákveðinni gerð skipa.

Um IV. kafla.

Kaflinn svarar til IV. kafla gildandi laga. Nokkrar breytingar eru gerðar á efni auk þess sem breytingar á niðurröðun eiga að gera ákvæðin aðgengilegri.

Um 7. grein.

Greinin svarar til 7. gr. gildandi laga en gildistöku greinarinnar var frestað til 1. janúar 1985 svo að viðeigandi ákvæði laga nr. 69/1973 gilda enn. Stærðarmörk verða óbreytt, 30 rúmlestir, og einnig siglingatími. Tekin verður upp kennsla í undirstöðuatriðum stöðugleika og sjóhæfni skipa til 30 rúmlesta prófs til viðbótar því námsefni sem kennt var fyrir. Breytingar eru gerðar á fyrirkomulagi kennslu og prófa sem ætlaðar eru til að samræma þetta nám og tryggja sem best hæfni þeirra manna er ljúka þessu prófi.

Um 8. grein.

Greinin svarar til 8. gr. gildandi laga en gildistöku greinarinnar var frestað til 1. janúar 1985 og gilda því enn viðeigandi ákvæði laga nr. 69/1973.

I-a

Óbreytt frá gildandi ákvæðum laga nr. 69/1973.

I-b

Eina breytingin frá gildandi ákvæðum laga nr. 69/1973 er að hluta stýrimannstíma er krafist á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir.

II-a

Efnislega samhljóða gildandi ákvæðum laga nr. 69/1973 en rúmlestatala er hækkuð úr 30 rúmlestum í 100, enda er viðkomandi að vinna til skipstjóraréttinda á skipum allt að 400 rúmlestir.

II-b

Breyting verður á rúmlestatölu úr 400 í 100 frá gildandi ákvæðum laga nr. 69/1973. Reynslan sýnir að örðugt getur verið fyrir menn að fá stýrimannsstöður á flutninga- eða farþegaskipum stærri en 400 rúmlestir og getur það leitt til óeðlilegrar og óæskilegrar hindrunar á því að hæfir og reyndir menn fái skipstjórnarréttindi.

Alþjóðlegar mælingareglur hafa einnig leitt til óheppilegrar niðurstöðu í þessu efni.

II-c

Þessi liður er nýmæli. Eðlilegt er að reynsla manna í innanlandssiglingum nýtist þeim til skipstjóraréttinda í siglingum innanlands.

III-a,b,c

Varðandi skýringar á þessum liðum vísast til athugasemda við 6. gr. 5. mgr. III-a,b,c.

Um 9. grein.

Efni þessarar greinar er samhljóða gildandi ákvæðum laga nr. 69/1973 en breyting verður á rúmlestatölu og vísast í því sambandi til athugasemda við 8. gr.

Um 10. grein.

Nýmæli.

Rétt þykir að siglingatíma stýrimanns til öflunar skipstjóraréttinda sé náð á skipi sem er í förum, en með því er verið að gera meiri kröfur til siglingatíma sem krafist er til skipstjóraréttinda en stýrimannaréttinda, sbr. 6. gr.

Um V. kafla.

Efni þessa kafla er nánast samhljóða efni V. kafla gildandi laga.

Um 11. grein.

Óbreytt 9. gr. gildandi laga en vísað er til annarra greina vegna breyttrar niðurröðunar á efni.

Um 12. grein.

Efni þessarar greinar er það sama og 7. og 19. greinar gildandi laga og þarfnast ekki frekari skýringar.

Um VI. kafla.

Ákvæði þessa kafla eru að mestu leyti óbreytt frá VI. kafla gildandi laga. Efni 17. greinar, um breytingu á eldri réttindum, er þó ekki að finna í gildandi lögum.

Um 13. grein.

Þessi grein svarar til 11. gr. gildandi laga. Breyting er gerð til samræmis við ákvæði alþjóðasamþykktar (STCW) um menntun og þjálfun áhafna. Atvinnuskírteini verða gefin út, bæði á íslensku og ensku, til 5 ára í senn. Nýmæli er að samgönguráðherra skal setja reglur um skilyrði til endurnýjunar atvinnuskírteina svo sem um viðhald réttinda og

heilsufar. Um viðhald réttinda eru t. d. gerðar eftirfarandi kröfur í fyrrgreindri alþjóðasamþykkt er nýlega tók gildi:

Atvinnuskírteini skal endurnýjað til næstu 5 ára með því skilyrði að:

1. Viðkomandi hafi á undangengnum 5 árum verið a. m. k. eitt ár skipstjóri eða stýrimaður,
eða
2. hafi innt af hendi jafngilt starf,
eða
3. gengið undir próf eða námskeið sem er viðurkennt af yfirvöldum.

Um 14., 15. og 16. grein.

Óbreyttar 12., 13. og 14. gr. gildandi laga.

Parfnast ekki frekari skýringa.

Um 17. grein.

Hefð er fyrir því að reynt sé að tryggja eins og kostur er að þeir, sem hafa áunnið sér réttindi skv. eldri reglum, glati þeim ekki þótt nýjar og breyttar reglur taki við. Réttlætlanlegt þykir að eldri starfsréttindi taki til stærri skipa en er skv. l. 69/1973 og er starfsreynsla þessara manna þar látin veða á móti aukinni skólamenntun.

Um 18. grein.

Óbreytt 16. gr. gildandi laga.

Um VII. kafla.

Ákvæði þessa kafla samsvara 17., 18. og 19. gr. gildandi laga. Nokkrar breytingar eru gerðar á efni og orðalagi einstakra greina en greinarnar skýra sig að öðru leyti sjálfar.

Um 19. grein.

Tekið er fram að hlutverk mönnunarnefndar er að ákveða frávik frá ákvæðum laganna bæði til fjölgunar og fækkunar skipstjórnarmanna. Auk þess er undirstrikað að mönnunarnefnd skuli taka tillit til vinnuálags skipstjórnarmanna þegar fjallað er um einstök mál í nefndinni. Með stofnun mönnunarnefndar er höfð hliðsjón af svipuðu fyrirkomulagi í Danmörku og Noregi.

Um 20. grein.

Breyting er gerð á skipan formanns og varaformanns nefndarinnar. Í gildandi lögum er gert ráð fyrir að bæði formaður og varaformaður uppfylli almenn dómaraskilyrði en hér er lagt til að aðeins verði skilyrt að annar þeirra uppfylli þau skilyrði.

Um 21. grein.

Felld er niður úr gildandi lögum eftirfarandi málsgrein: „Nú synjar nefndin umsókn um undanþágu og getur umsækjandi þá borið ákvörðun nefndarinnar undir samgönguráðherra, sem leggur endanlegan úrskurð á málið.“

Telja verður að ekki sé ástæða til að áréttta þetta sérstaklega í lagatextanum þar sem það er grundvallarregla íslensks stjórnarfarsréttar að stjórnleg kæra sé almennt heimil.

Um VIII. kafla.

Um 22. grein.

Parfnast ekki skýringar.

Um 23. grein.

Parfnast ekki skýringar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þegar hefur verið gerð grein fyrir þeim ástæðum er liggja til grundvallar þessum ákvæðum og vísast þar til skipunarbréfs nefndarinnar og til umfjöllunar í inngangi greinargerðarinnar.

Með ákvæði þessu er stefnt að því að leysa á raunhæfan hátt þann vanda er undanþágur til skipstjórnarstarfa hafa skapað á liðnum árum. Nauðsynlegt er að tryggja fjármagn til námskeiðahalds í öllum landshlutum eftir því sem þörf krefur.

Fjöldi skipstjórnarmanna, er starfað hafa á undanþágum árin 1983 og 1984, er á bilinu 330—400 menn hvort ár og eru um 80% þeirra starfandi á fiskiskipum sem eru minni en 200 rúmlestir. Námskeiðin munu gefa þessum mönnum tækifæri til að afla þeirra réttinda.

Varðandi B-lið greinarinnar er um að ræða 20—30 starfandi menn er fallið gætu undir þetta ákvæði.

Meginreglan yrði sú við útgáfu ótímabundinna takmarkaðra réttinda að viðkomandi fengi heimild til skipstjórnarstarfa á því skipi er hann hefur starfað á, ótímabundið. Menn gætu því ekki notað þessi réttindi á önnur skip nema ef um væri að ræða skip hjá sömu útgerð af svipaðri stærð og gerð, t. d. ef skip er selt og annað fengið í þess stað.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringar.